

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 349/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/598 frá 14. desember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir ákvörðun áhættuvogar fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 14azv (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/453) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azw. **32021 R 0598**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/598 frá 14. desember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir ákvörðun áhættuvogar fyrir sértækar lánaáhættuskuldbindingar (Stjtið. ESB L 127, 14.4.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/598, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 14.4.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING